

Tungusilungur ehf
Strandgötu 39
460 Tálknafjörður

28. október 2025
UOS2501508/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28. ágúst 2025 – ID 258

Þann 28. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Tungusilung ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

Tíu frávik komu fram í eftirlitinu:

1. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
2. Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert, skila umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) vegna undangengins almanaksárs. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
3. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Ársyfirliti fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað.
4. Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert, skila umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) vegna undangengins almanaksárs. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað.
5. Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis við hámarksfóðrun ár hvert. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5), heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Sýni var ekki tekið við hámarksfóðrun árið 2023.

6. Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis við lágmarksfóðrun ár hvert. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5), heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Sýni var ekki tekið við lágmarksfóðrun árið 2023.
7. Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis við hámarksfóðrun ár hvert. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5), heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Sýni var ekki tekið við hámarksfóðrun árið 2024.
8. Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis við lágmarksfóðrun ár hvert. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5), heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Sýni var ekki tekið við lágmarksfóðrun árið 2024.
9. Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun. Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Engar upplýsingar liggja fyrir um hver losun næringarefna var árið 2023.
10. Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun. Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Engar upplýsingar liggja fyrir um hver losun næringarefna var árið 2024.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. nóvember 2025.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson

sérfræðingur í teymi eftirlits

Kjartan Guðmundsson

sérfræðingur í teymi eftirlits